

148. löggjafarþing 2017–2018.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum.

Frá ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

### 1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef forsendur umsagna hefur brostið, þær voru rangar frá upphafi eða skilyrði og kröfur til rekstrarins hafa breyst frá því að leyfi var veitt.

### 2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. a. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sýslumanni er heimilt að afskrá heimagistingu ef skráður aðili vanrækir þá skyldu að nota úthlutað skráningarnúmer í markaðsefni og kynningum, hefur veitt rangar upplýsingar við skráningu eða aðili uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar. Þá er heimilt að afskrá heimagistingu vanræki skráðir aðilar að skila umbeðnum gögnum samkvæmt lögum þessum og reglugerð.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sækja þarf um leyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða og kalla á eftirlit og/eða löggæslu. Hér undir geta fallið t.d. útihátíðir, bæjarhátíðir, útitónleikar, íþróttaviðburðir, skóladansleikir og tjaldsamkomur. Ekki þarf leyfi fyrir opinberum viðburðum sem haldnir eru fyrir tilstilli stjórnvalda og skal afmarka í reglugerð. Leyfi samkvæmt ákvæði þessu er bundið við einstaka skemmtun og/eða atburð og skal gildistími að jafnaði ekki vera lengri en 7 dagar.

b. Við 1. málsl. 4. mgr. bætist: nema slíkt sé bersýnilega ómögulegt.

### 4. gr.

Við 2. mgr. 22. gr. a. bætist: eða vanrækir að skila inn nýtingaryfirliti skv. 2. mgr. 13. gr.

### 5. gr.

Frumvarpið tekur þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða**

- I. Leyfisveitanda er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða til aðili sem hafði rekstrarleyfi í flokki I við gildistöku laga nr. 67/2017 en þó aðeins meðan unnið er að breytingum á skipulagi á viðkomandi svæði þar sem rekstur fer fram. Leggja þarf fram staðfestingu skipulagsyfirvalda á því að skipulagsbreytingar séu í ferli.

#### Greinargerð.

##### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

###### Um 1. gr.

Ákvæðið er viðbót við 2. mgr. 15. gr. laganna þar sem leyfisveitanda er heimilað að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi eða forsvarsmáður uppfyllir ekki lengur skilyrði til að fá útgefið leyfi. Viðbótin felur í sér að leyfisveitanda verði einnig heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef að forsendur umsagna hefur brostið, þær voru rangar frá upphafi eða skilyrði og kröfur til rekstrarins hafa breyst frá því að leyfi var veitt. Breyting þessi er lögð til sérstaklega í ljósi þess að með lögum 67/2016 voru rekstrarleyfi gerð ótímabundin en þau höfðu áður gilt til 4 ára í senn. Þar sem leyfin eru nú ótímabundin er ljóst að leyfisveitendur þurfa að hafa heimildir til þess að fella leyfi úr gildi ef forsendur hafa breyst eða leyfið var ranglega veitt á sínum tíma. Óljóst hefur einnig verið hvort að ákvæði 15. gr. heimili að fella niður rekstrarleyfi hafi leyfið verið ranglega gefið út eða umsögn um rekstrarleyfi til að mynda verið ólögmat eða röng. Með ákvæðinu er sú heimild staðfest.

###### Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lagastofð fyrir afskráningu heimagistingar styrkt í þeim tilfellum þar sem skráður aðili vanrækir að nota úthlutað skráningarnúmer, hefur veitt rangar upplýsingar við skráningu, uppfyllir ekki lengur skilyrði skráningar, svo sem vegna breytinga á lögheimili, eða vanrækir að skila umbeðnum gögnum.

###### Um 3. gr.

Ákvæðið varðar útgáfu tækifærisleyfa fyrir skemmtunum og viðburðum. Samkvæmt 17. gr. ber að sækja um tækifærisleyfi ef viðburður er haldinn utan veitinga- og skemmtistaða í atvinnuskyni og líklegt er að viðburðurinn kalli á aukna löggæslu.

Í framkvæmd hefur skilyrðið um "í atvinnuskyni" valdið miklum deilum í túlkun. Deilt hefur verið um hvort bæjarhátíðir sem haldnar eru úti á landi á sumrin, oft af sérstökum félagasamtökum eða sveitarfélögum, skuli teljast vera haldnar í atvinnuskyni eða ekki. Erfitt er að miða við það hvort aðgangseyrir er greiddur fyrir aðgengi að viðburði þar sem viðburðir eru oft styrktir af fyrirtækjum og félögum og jafnvel bæjarfélaginu að einhverjum hluta og því ekki þörf á aðgangseyri.

Fjöl margar stjórnslukærur hafa verið lagðar fram vegna túlkunar á ákvæði 1. mgr. 17. gr. sem varða tækifærisleyfi og greiðsluþátttöku leyfishafa í löggæslukostnaði og ljóst að uppi er ákveðin óvissa um túlkun þess ákvæðis og hugtaksins „í atvinnuskyni“.

Þá hefur einnig áhrif sú þróun sem orðið hefur á löggæslu við opinbera viðburði en kröfur hafa aukist mikið, meðal annars vegna vaxandi hryðjuverkahættu. Þessari hættu hefur verið mætt með t.d. notkun á stórum faratækjum á viðburðum og meiri sýnilegri löggæslu.

Í ljósi þessa er í ákvæðinu lagt til að orðalagið „í atvinnuskyni“ falli úr lagatextanum. Verður staða þá sú að sækja þarf um tækifærisleyfi vegna skemmtanahalds utan veitinga- eða gististaða ef að viðburður kallar á eftirlit og/eða löggæslu. Er þar mat lögreglunnar á viðkomandi stað sem ræður en leyfisveitandi aflar mats lögreglunnar á viðburði.

Þá eru taldir upp viðburðir sem geta fallið undir ákvæðið og kröfu um tækifærisleyfi og þar tiltekið að bæjarhátíðir geti fallið þar undir sem og íþróttaviðburðir. Við setningu laganna nr. 85/2007 kemur fram í lögskýringargögnum að vilji löggjafans hafi verið sá að bæjarhátíðir skyldu ekki falla undir ákvæðið, né heldur viðburðir eins og Reykjavíkurmaraþon eða menningarnótt. Á þeim rúmlega 10 árum frá því að löggin voru sett hefur samfélagið breyst töluvert og samsetning þessara viðburða einnig. Talið er rétt að endurmeta fyrirkomulagið á þessum tímamarki og víkka út þá viðburði sem teljast falla undir ákvæðið.

Þrátt fyrir það er lagt til að ákveðnir viðburðir sem haldnir eru fyrir tilstilli stjórnvalda falla utan þess og munu þeir verða fyrirfram afmarkaðir í reglugerð. Er þar um að ræða t.d. hátíðahöld á fullveldisdaginn, lýðveldisdaginn og sjómanna daginn svo dæmi séu tekin.

Sérstaklega ber einnig að nefna að greiðsluþátttaka viðburðarhaldara á grundvelli tækifærisleyfis hefur valdið deilum en mjög mismunandi er hversu stóran hluta löggæslukostnaðar viðburðarhaldara er gert að greiða en yfirleitt er um fremur litlar fjárhæðir að ræða sem endurspeglar ekki endilega raunkostnað lögreglu af löggæslu. Ennfremur hefur hér líka áhrif hvar viðkomandi viðburður er haldinn en kostnaðarsamara er að halda viðburð á svæði þar sem fáir lögreglumenn eru starfandi. Ekki eru hér lagðar til breytingar á greiðsluþátttöku viðburðarhaldara en hún byggir annars vegar ákvæði þessu, ákvæði í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 1266/2016, og á gjaldskrá um löggæslugjald, nr. 634/2007.

Í b- lið er lagt til að orðunum „nema slíkt sé bersýnilega ómögulegt“ verði bætt við 1. málsl. 4. mgr. ákvæðisins þar sem segir að sækja skuli um tækifærisleyfi með þriggja vikna fyrirvara. Með lögum nr. 67/2016 var tímafrestur til að sækja um tækifærisleyfi lengdur úr viku í þrjár vikur, meðal annars með þeim rökum að veita þyrfti umsagnaraðilum sanngjarnan frest til að meta viðkomandi viðburð. Bent hefur verið á að í sumum tilfellum sé viðburðarhaldara ómögulegt að sækja um tækifærisleyfi með svo löngum fyrirvara, svo sem þegar halda á viðburð í tilefni af úrslitum íþróttaviðburða. Er því lagt til að meginreglan verði sú að frestur til að sækja um tækifærisleyfi verði áfram þrjár vikur nema slíkt sé bersýnilega ómögulegt. Er þar um að ræða undantekningu frá meginreglu sem ber að túlka mjög þröngt. Einnig er eðlilegt að leyfisveitandi krefji umsækjanda um skýringar og röksemdir fyrir því að ekki hafi verið mögulegt að sækja um tækifærisleyfi innan frestsins.

#### Um 4. gr.

Lagt er til að við 2. mgr. 22. gr. a sem fjallar um stjórnvaldssektir verði bætt heimild fyrir leyfishafa til þess að leggja stjórnvaldssektir á aðila sem vanrækja að skila nýtingaryfirliti skr. 2. mgr. 13. gr. laganna.

#### Um 5. gr.

Ákvæðið er gildistökgrein og þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga nr. 67/2017 þurftu aðilar sem skráðir voru með rekstrarleyfi í flokki I að færa sig yfir í flokki II hygðust þeir ætla að starfa allt árið. Við þessa breytingum þarf leyfisveitandi aftur að óska eftir umsögnum frá umsagnaraðilum og viðkomandi starfsemi þarf að uppfylla öll skilyrði í gildandi lögum, svo sem að starfsemin samræmist skipulagi á viðkomandi stað.

Þessi flutningur milli flokka hefur gengið misvel, aðallega með tilliti til skipulagsákvæða en rekstur gistiþjónustu telst vera atvinnustarfsemi og þarf þar að leiðandi að vera staðsett á svæði sem heimilar atvinnustarfsemi eða að atvinnustarfsemi sé sérstaklega heimiluð í deiliskipulagi.

Til þess að brúa það bil sem verður þegar leyfi gefið út samkvæmt eldri lögum rennur skeið sitt á enda og þar til breytingar kunna að verða gerðar á skipulagi þar sem þess þarf, er hér heimilað að veita rekstrarleyfi til bráðabirgða.

Aðeins er um að ræða bráðabirgðaleyfi til aðila sem stunduðu gististarfsemi við gildistöku laga nr. 67/2017 þann 1. janúar 2018 og aðeins á meðan sannanlega er unnið að skipulagsbreytingum hjá viðkomandi sveitarstjórn og gert ráð fyrir að skipulagsyfirvöld staðfesti að vinnsla skipulagsbreytinga sé enn í ferli.